



Sauðárkróki, 18. febrúar 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingastofnunar um frumvarp til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Thorsil ehf. um kísilmálmverksmiðju í Helgúvík í Reykjanesbæ, mál 420.

Frumvarpið fjallar að mestu um tímabundnar undanþágur félagsins frá ýmsum ákvæðum laga sem gilda um starfsemi hlutafélaga og skattalaga. Þá er einnig gert ráð fyrir afslætti á gjöldum til sveitarfélagsins og Reykjaneshafnar og að leitað verði heimildar í fjárlögum til að greiða sérstaka þjálfunaraðstoð vegna starfseminnar.

Starfsemi félagsins verður á svæði þar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt að heimilt sé að veita byggðastuðning. Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til þingsályktunar um byggðaaáætlun fyrir árin 2014-2017 þar sem segir að áhersla skuli lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Atvinnuleysi hefur verið mikið á Suðurnesjum undanfarin ár og er enn verulega yfir landsmeðaltali og verður því að telja að svæðið falli undir þessa áherslu byggðaaætlunar.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á þróunarsviði  
Byggingastofnunar.